

Alþingi
Erindi nr. P 143/1049
komudagur 13.2.2014

Allsherjar- og menntamálanefnd Alþingis
Nefndasviði Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík
nefndasvid@althingi.is

13. febrúar 2014

Efni: Umsögn um tillögu til þingsályktunar um aðgerðaáætlun um notkun íslensku í stafrænni upplýsingatækni, 268. mál.

Málnefnd um íslenskt táknmal starfar á grundvelli laga nr. 61/2011, um stöðu íslenskrar tungu og íslensks táknmals, en einmitt er vísað til þessara laga í tillögunni. Bæði íslenska og íslenskt táknmal hlutu opinbera staðfestingu á stöðu sinni með lögunum.

Málnefnd um íslenskt táknmal fagnar því að fram sé komin svo metnaðarfull tillaga til þingsályktunar um notkun íslensku í upplýsingatækninni og tekur undir sjónarmið tillöguflytjenda í greinargerðinni um mikilvægi aðgerðaráætlunar á þessu sviði. Íslenskt ritmál er annað tveggja mála flestra döff einstaklinga á Íslandi.

Hins vegar gerir Málnefnd um íslenskt táknmal athugasemd við að greinargerðin taki ekki jafnframt mið af þörfum eina hefðbundna minnihlutamálsins á Íslandi, þ.e. íslensks táknmals, enda þótt vitnað sé í greinargerðinni til áður nefndra laga um stöðu íslenskrar tungu og íslensks táknmals um það að sá sem ekki getur notað „móðurmál sitt við einhverjar aðstæður í landi sínu“ sé „settur skör lægra en aðrir“. Í greinargerðinni er vikið að því að máltækni gagnist m.a. „heyrnarlausum“ og má af samhenginu ráða að þar sé átt við aðgang að íslensku ritmáli fremur en miðlun á íslensku táknmáli. En nauðsynlegt er að huga einnig að nýtingu máltækni við varðveislu og miðlun íslensks táknmals. Málnefnd um íslenskt táknmal teldi betra að ályktunin tæki bæði til íslensku og íslensks táknmals og að sérfræðinganeftin, sem yrði skipuð samkvæmt tillögunni, hefði einnig það verkefni að fjalla um þarfir íslensks táknmals á sviði stafrænnar upplýsingatækni.

Virðingarfyllt

Málnefnd um íslenskt táknmal
Ari Páll Kristinsson varaformaður